

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um háhraðanetþjónustu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður framkvæmd við háhraðanetþjónustu fyrir lögheimili með heilsársbúsetu og fyrirtæki með heilsársstarfsemi sem hvorki eiga kost á slíkri þjónustu nú né munu eiga kost á henni á markaðsforsendum?
2. Hversu mörg heimili og fyrirtæki munu njóta góðs af framkvæmdinni og hvenær má gera ráð fyrir að verkefninu verði lokið?